

Fundargerð 116. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 29. mars 2022 kl. 14:00-15:30.

Haldinn í fjarfundi.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir varaformaður, Eyrún Björk Valsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Karl Rúnar Þórsson, Margrét Sigurðardóttir.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson.

Gestur: Haukur Harðarson og Arnar Þorsteinsson, sérfræðingar hjá FA

DAGSKRÁ

- 1. Fundargerð síðasta fundar** (fskj. 01. Fundarg. 115. fundar)
Afgreiðsla: Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og verður send fundarmönnum til undirritunar með rafrænum hætti.
- 2. VPL – Biennalen 19. – 20. maí**
Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA, kynnti ráðstefnuna og helstu atriði dagskrárinnar. Sjá kynningu í gögnum (fskj. 02 VPL-Biennalen).
- 3. Næsta skref – nútíð og framtíð** (fskj. 03. Næsta skref)
Kynning á vefnum og stöðu hans.
Arnar Þorsteinsson, sérfræðingur hjá FA, fór yfir sögu og stöðu ráðgjafarvefjarins NæstaSkref. Sögu hans má rekja til þess tíma er Ísland hafði sótt um aðild að Evrópusambandinu og FA fékk svo kallaðan IPA-styrk. Mótframlag kom úr Fræðslusjóði að ósk mrm. Þróun og rekstur NæstaSkref hefur að stærstum hluta verið fjármagnaður af fé sem á uppruna sinn í IPA styrknum, en nú er svo komið að það er uppuríð og óvíst um frekari fjármögnun. Vefurinn er sá eini sinni tegundar á íslensku og er að fá um 60 þúsund heimsóknir á ári. Sjá nánar www.naestaskref.is.
- 4. Tillögur að forgangssviðum þróunarverkefna og skipan úthlutunarnefndar** (fskj. 04. Auglýsing og 04. Úthlutunarnefnd)
Afgreiðsla: Á síðasta fundi var samþykkt að varaformaður stjórnar, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri FA færu yfir framkomnar tillögur um forgangssvið og útfærðu nánar. Að því loknu voru endanlegar tillögur sendar stjórn til staðfestingar. Samþykkti stjórn tillögurnar og birtist auglýsing í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu laugardaginn 26. mars.
Forgangssvið 2022 eru:
 - Efla samstarf fræðsluaðila í þróun stafrænnar hæfni í kennslu, óháð búsetu. Gerð er krafa um samstarf minnst þriggja fræðsluaðila.

- Gerð og þróun rafrænna námsgagna, með áherslu á talað mál og menningu, í íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Sérstök áhersla á neðri þrep evrópska tungumálarammans (A1, A2, B1).
- Hæfnigreiningar og starfaprófillar í samstarfi atvinnulífs og fræðsluaðila eða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Úthlutunarnefnd er þannig skipuð:

Maj-Britt Hjördís Briem fyrir SA
Hrafnhildur Tómasdóttir fyrir Félagsmálaráðuneytið
Guðrún Edda Baldursdóttir fyrir ASÍ
Jóhanna Þórdórsdóttir fyrir BSRB
Einar Hreinsson fyrir Skólameistarafélag Íslands.

5. Erindi frá samstarfsaðilum

- a. **Kvasir – Túlkaþjónusta** (fskj. 05a Kvasir Túlkaþjónusta og 05b Um túlkun í skilmálum)

Afgreiðsla: FA falið að kanna meðal fræðsluaðila hversu mikil þörfin er fyrir túlkun, hvers konar túlkun sé um að ræða og í hvaða námsleiðum. FA móti tillögu að verðlagningu túlkaþjónustu og komi með á næsta fund. Stefnt er að því að þá verði hægt að taka ákvörðun og svara Kvasi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.